

Fundargerð stjórnar

96. fundur stjórnar Brunavarna Árnæssýslu haldinn mánudaginn 8. febrúar, 2010 kl. 22.00 að Austurvegi 52 Selfossi, Slökkvistöð

Mætt:

Margrét K. Erlingsdóttir, Ólafur F. Leifsson,
Snæbjörn Sigurðsson,

Einnig mætti á fundinn:

Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri, sem ritaði fundargerð

1. Húsnæðismál slökkviliðsins

Rætt um húsnæðismál B.Á. Formaður greindi frá þeim umræðum sem í gangi eru milli fulltrúa sveitarfélagsins Árborgar og fulltrúa Glitnis-banka um hugsanleg kaup sveitarfélagsins á húsnæðinu við Árveg á Selfossi. Engin niðurstaða er í því máli. Vonir standa til að húsnæðismálin skýrist fljótlega. Öll húsnæðismál B.Á verða endurskoðuð þegar niðurstaða liggur fyrir.

2. Tilboði klippubúnað frá Holmatro og Eldvarnamiðstöðvarinnar

Slökkviliðsstjóri greindi frá því að útsölutilboð sem staðið hefur í nokkra daga á vegum Holmatro fyrirtækisins í Hollandi stæði ekki lengur. Slökkviliðsstjóri hafði upplýst stjórnarmenn um þetta tilboð í tölvupósti fyrir fundinn.

Um var að ræða notuð sýningatæki sem Holmatro fyrirtækið hefur verið með víðsvegar um heiminn. Fyrirtækið bauð viðskiptavinum sínum tækin til kaups á lágu verði miðað við ný tæki.

Slökkviliðsstjóri lagði fram nýtt tilboð á klippubúnaði sem Eldvarnamiðstöðin, í samvinnu með Holmatro fyrirtækinu bjóða B.Á.

Um er að ræða nýjan búnað á niðursettum verðum og hagstæðum lánnum. Slökkviliðsstjóri lagði fram greinargerð sem lagði til kaup á búnaðinum.

(Fylgiskal I)

Stjórn B.Á samþykkir að kaupa klippur, glennu, tjakk, tvær dælur og klossa samkv. meðfylgjandi tilboði.

Heildarkostnaður er kr. 4.4 millj. sem greiðist á tveimur árum.

Ákvörðun þessi gæti haft áhrif á niðurgreiðslur af lánnum á slökkvibílum, að öðru leiti er kostnaði vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.

3. Undirskrift prókúru

Um er að ræða gögn frá Landsbanka Íslands þar sem stjórn BÁ veitir Unnu Ögmundsdóttur bókara BÁ aðgang að reikningum.

Stjórn BÁ samþykkir að veita prókúru samkv. meðfylgjandi gögnum frá Landsbanka Íslands.

(Fylgiskjal II)

4. Erindi frá Lánasjóði sveitarfélaga

Erindi frá Lánasjóði sveitarfélaga, dags. 24.janúar 2010, þar sem fram kemur beiðni um heimild til birtingar upplýsinga um stöðu lána.

Samþykkt. (Fylgiskjal III)

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 23.35

**Margrét K. Erlingsdóttir, Ólafur F. Leifsson, Snæbjörn Sigurðsson,
Kristján Einarsson**